



MENNTASKÓLINN  
Á EGILSSTÖÐUM

# **Skýrsla starfshóps um innra mat**

**við Menntaskólann á Egilsstöðum**

**2012-2013**

**júní 2013**

## Efnisyfirlit

Almennt um starfið.....	2
Nemendakönnun .....	2
Rýnihópur .....	3
Áfangamat .....	4
Könnun á viðhorfum og líðan kennara .....	5
Foreldrakönnun .....	6
Næstu verkefni .....	7
Viðauki: Atriði sem þarfnast umbóta ~ unnið út frá niðurstöðum kennarakönnunar mars 2013.....	8

## Almennt um starfið

Skólaárið 2012-2013 skipuðu sex kennarar starfshóp um innra mat Menntaskólans á Egilsstöðum (ME). Það eru Jón Ingi Sigurbjörnsson, Jóney Jónsdóttir, Marianna Jóhannsdóttir, Soffía Ingvarsdóttir, Tinna K. Halldórsdóttir og Þorbjörn Rúnarsson. Jón Ingi var verkefnisstjóri en Jóney leysti hann af í veikindaleyfi frá mars til júní. Á haustönn voru haldnir 7 fundir og á vorönn 7. Tímafjöldi vegna funda og vinnu á haustönn var 61 klst. og á vorönn 78.

Líkt og síðasta skólaár sneri starf innra mats hópsins að mestu leyti að þeim náms- og kennsluháttum sem teknir voru upp haustið 2011, þ.e. spönnum og verkefnatímum. Áhersla var lögð á að meta viðhorf kennara, nemenda og foreldra til spanna og verkefnatíma og áhrif breytinganna á þessa hópa og þar með skólastarfið. Kannað var hverjir væru kostir og gallar spanna og verkefnatíma og hvernig nemendum og kennurum líður. Öllum hópum var gefinn kostur á að koma með tillögur til úrbóta.

Viðhorfakönnun var lögð fyrir nemendur á haustönn. Rýnihópur nemenda starfaði áfram og hittist tvisvar sinnum yfir skólaárið og lýsti upplifun sinni af skóladvölinni. Áfangamat var lagt fyrir í flestum áföngum. Ein könnun var lögð fyrir kennara, hún varðaði viðhorf til breyttra starfhátta og líðan og starfsánægju. Viðhorfakönnun varðandi nýja námshætti, samskipti og líðan nemenda var lögð fyrir foreldra.

Við innleiðingu nýrrar námskrár og breytingu yfir í spannir og verkefnatíma gerði starfshópurinn tveggja ára áætlun sem sagði til um að lögð yrði áhersla á mat á áhrifum þessara breytinga. Nú eru þessi tvö ár liðin og fyrir liggur að semja áætlun um innra mat til fimm ára.

## Nemendakönnun

Í nóvember 2012 voru allir nemendur í dagskóla beðnir að svara viðhorfakönnun sem sneri að spönnum, verkefnatímum og líðan. Í könnuninni var m.a. spurt hvernig nemendum líkar við spannir og verkefnatíma, hvernig þeir nýta verkefnatíma og um álag og líðan. Nemendur voru beðnir að gefa ráð og koma með ábendingar um það sem betur má fara í skólastarfinu. Könnunin er að mestu leyti endurtekning könnunar sem lögð var fyrir vorið 2012 og haustið 2011. Notast var við könnunarhugbúnað SurveyMonkey á netinu og niðurstöður kynntar á kennarafundi. Nemendur svöruðu í umsjónartíma. Tinna Halldórsdóttir tók niðurstöður saman, bæði heildarniðurstöður og skiptingu eftir kyni og námsárum. Þær birtast á heimasíðu skólans á svæði innra mats<sup>1</sup>. Alls svöruðu 170 nemendur könnuninni eða 61%.

Helstu niðurstöður voru þær að tæplega 90% nemenda líður vel í skólanum en því miður líður 10% þeirra ekki vel og tæplega 21% gengur ekki vel í námi. Viðhorf til verkefnatíma er jákvætt og vinnusemi nemenda er góð fyrir utan einbeitingarerfiðleika nær helmings nemenda. Sama hlutfall nemenda nær ekki að klára verkefni sín á

<sup>1</sup> Niðurstöður nemendakönnunar. Viðhorf nemenda í ME haustönn 2012. Á heimasíðu ME, [www.me.is](http://www.me.is/images/Nemendakönnunh2012.pdf).  
<http://www.me.is/images/Nemendakönnunh2012.pdf>.

skólatíma og 64% finnst námsálagið mikið eða of mikið. 86,4% segja verkefni sín lærdómsrík og 66,7 telja þau áhugaverð. Yfir 70% nemenda finnst sérstakir umsjónartímar á mánudögum ekki nýtast vel. 71% nemenda telja spannið gott fyrirkomulag, svolítið fleiri eða 79% telja verkefnatíma gott fyrirkomulag.

Við greiningu nemendakönnunarinnar eftir kyni sést að fleiri stúlkur (72%) en strákar (52%) telja álag mikið eða of mikið og hærra hlutfall stúlkna en stráka telur fjölda verkefnatíma of lítinn. Meirihluti nemenda, 57% stráka og 51% stúlkna leitar sjaldan eða aldrei eftir aðstoð í verkefnatímum. Munur er á kynjunum hvað varðar einbeitingu í verkefnatímum en helmingi stúlkna gengur sjaldan eða aldrei vel að einbeita sér og 36% stráka. Stúlkur spila síður tölvuleiki í verkefnatímum, 20% mjög oft eða oft á móti 32% stráka en 57% stúlkna ná sjaldan eða aldrei að klára verkefni sín á skólatíma og 39% stráka. Tíu stúlkum og sex strákum líður illa eða mjög illa í skólanum.

Þegar niðurstöður er skoðaðar eftir námsárum sést að þeir nemendur sem aldir eru upp í kerfinu, þ.e. hafa ekki reynslu af öðru en spönnum og verkefnatímum, eru jákvæðari gagnvart því en þeir sem eru á 3. og 4. námsári. Nemendur á 1. og 2. ári telja frekar að verkefnatímar ýti undir sjálfstæð vinnubrögð og þeir auki ábyrgð í námi en nemendur sem lengra eru komnir. Nemendur á 4. ári eru ánægðastir með námsárangur sinn.

Þegar niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður vorið 2012 verður að hafa í huga að í könnuninni nú var ekki gefinn kostur á að svara *hvorki né/veit ekki* en í fyrri könnuninum höfðu 20-25% yfirleitt svarað þannig. Nemendur eru jákvæðari en áður og viðhorf til verkefnatíma er jákvæðara. Fleiri telja sig nýta verkefnatímanna vel (72%, áður 63%) fleiri segja verkefnatíma auka ábyrgð í námi (76%, áður 55%) og að verkefnatímar stuðli að sjálfstæðum vinnubrögðum (78%, áður 56%). Fleiri telja einnig að það sé kostur að vera í fáum greinum og að leiðbeiningar með verkefnum séu skýrar.

## Rýnihópur

Í tengslum við innleiðingu spanna og verkefnatíma haustið 2011 var komið á sérstökum rýnihópi nemenda. Síðastliðið haust voru fengnir aðrir nemendur í stað tveggja sem voru útskrifaðir. Hópurinn samanstóð af sex nemendum sem valdir voru eftir námsbraut, námsári og kyni. Jón Ingi og Tinna héldu utan um starf hópsins og stýrðu fundum sem voru tveir, einn á hvorri önn. Fundirnir voru teknir upp á myndband og síðan skrifaðir upp eftir bandinu. Ákveðin umfjöllunarefni voru valin til umræðu fyrir fundinn. Hópnum var þó frjálst að ræða önnur málefni er tengdust skólastarfinu. Á fundum var orðið látið ganga á milli nemenda þannig að allir fengu tækifæri til að tjá sig. Nemendur töluðu opinskátt um reynslu sína og komu með ýmsar gagnlegar athugasemdir og ábendingar til úrbóta.

Fyrri fundurinn var haldinn 9. október. Þar voru til umræðu þær breytingar sem urðu á kerfinu á haustönn 2012 þegar hlutfalli verkefnatíma og bundinna tíma var breytt og sérstakir umsjónartímar teknir upp. Nemendur ræddu um reynslu sína af þessum breytingum, kosti þeirra og galla, hvernig verkefnatímar og bundnir tímar

nýtast. Einnig var rætt um andann í skólanum, hvað hópurinn verður var við á göngunum og aðeins um busun. Nemendur voru sammála um að breytingarnar hefðu verið til góðs þar sem fækkun verkefnatíma gaf meiri tíma með fagkennara og að þeir nýttu verkefnatíma betur þar sem þeim hefði fækkað. Um helmingur hópsins vildi fækka verkefnatímum enn frekar eða hafa þá undir stjórn fagkennara og töldu það hvetja nemendur til að sinna verkefnum sínum. Allir nemendurnir voru mjög mótfallnir umsjónartímum og töldu þá tilgangslausa. Þeir töldu skipulagið sem þeir gerðu í þessum tímum vera gagnslaust því kennarar legðu fyrir verkefni á öllum vikudögum. Nemendur stungu upp á ýmsum lausnum s.s. að skipulagsblaðið væri tilbúið til útfyllingar og þeir gætu sýnt kennara það þegar þeim hentaði og þyrftu ekki að mæta í umsjónartíma. Að mati nemendanna er andinn í skólanum góður og almenn sátt um busun.

Seinni fundurinn var haldinn 26. febrúar. Umræðuefnin voru námsmatsaðferðir, klíkumyndun og umsjónartímar. Flestum nemendum í rýnihópnum fannst best að hafa símat yfir önnina og sleppa lokaprófum, sérstaklega stórum lokaprófum. Þeim hugnast vel að fá eitt meðalstórt verkefni á viku, s.s. leiðarþók en of mörg lítil verkefni eru þeim ekki að skapi. Minnihluti hópsins benti þó á að lokapróf gætu hentað þeim sjálfum þar sem verkefnaskil þeirra eru léleg og því betra að taka áfanga eingöngu í tveimur prófum. Allir voru sammála um að val milli þessara tveggja leiða væri góð lausn. Nemendur bentu á að gott væri að eiga frí um helgar og hafa skiladaga á föstudögum frekar en sunnudögum. Einnig vildu þeir gjarnan fá verkefni næstu viku á kennsluvef á föstudegi svo það væri heil vika til að melta og vinna verkefnið. Bent var á að gott væri ef kennarar væru búnir að fara yfir verkefni áður en þeir legðu fyrir næsta verkefni, óþolandi væri að fá verkefni seint til baka. Nemendur í hópnum könnuðust ekki við klíkumyndun né einelti í skólanum. Þeir töldu vinahópa misstóra en vissu ekki um neinn sem ætti enga vini eða væri lagður í einelti. Enginn viðurkenndi að vera partur af sérstakri klíku, hafa útilokað aðra eða hafa orðið vitni að slíkri hegðun hjá öðrum nemendum. Eins og á fyrri fundinum voru nemendur staðfastir í skoðun sinni á umsjónartímum og töldu þá með öllu tilgangslausa og til þess fallnir að skapa fjarvistir. Spurðir að því hvernig gera mætti þá gagnlegri var fátt um lausnir en þó bent á að gefa mætingu frjálsa og hafa þá ekki í lok skóladags.

## Áfangamat

Undanfarin ár hefur áfangamat verið lagt fyrir í ME, þó ekki skólaárið 2011-2012. Nemendur mátu áfanga sína 23.-24. apríl 2013. Að þessu sinni voru báðir áfangar á seinni vörspönninni metnir hjá hverjum kennara. Miðað var við hópa sem töldu fleiri en 9 nemendur. Notast var við könnunarhugbúnað SurveyMonkey á netinu. Nemendum voru birtir tenglar á kennsluvef. Heildarsvörun var 63%. Meðaltal áfangamats vann Þorbjörn Rúnarsson áfangastjóri fyrir hönd starfshópsins. Kennarar

fengu niðurstöður eigin áfanga og meðaltalið í tölvupósti til samanburðar. Meðaltalið er birt á heimasíðu skólans á svæði innra mats<sup>2</sup>.

Vegna breytinga á svarmöguleikum eru niðurstöður á milli ára ekki að öllu leyti sambærilegar. Almennt eru niðurstöður áfangamatsins jákvæðar. Þeir þættir sem nemendur eru ánægðastir með er undirbúningur kennara fyrir tíma, hvernig þeir bregðast við spurningum, stundvísi og hvatning til sjálfstæðra vinnubragða. Það sem nemendum finnst að helst mætti bæta er að kennarar séu sveigjanlegir, geri námið áhugaverðara og sýni fram á tilgang með náminu. Tæplega 94% svarenda líður mjög eða frekar vel í tímum en rúmlega 6% líður frekar eða mjög illa. Þess má geta að spurningalisti áfangamats er endurskoðaður hverju sinni til að mæta sem best þeim áherslum sem lagðar eru í skólastarfinu.

### Könnun á viðhorfum og líðan kennara

Í mars 2013 var könnun um viðhorf og líðan lögð fyrir alla kennara og stjórnendur ME. Spurningarnar voru flestar í samræmi við þær sem lagðar voru fyrir ári áður svo hægt væri að bera viðhorf og líðan saman við niðurstöður frá haustinu 2011. Margar spurninganna lutu að verkefnatímum og spönum, einnig var m.a. spurt um samþættingu, umsjónarfundi, mánudagsfundi, agastjórn, samskipti, starfsanda, starfsánægju, streituvalda og vinnuálag. Notast var við könnunarhugbúnað SurveyMonkey á netinu. 25 kennarar og stjórnendur svöruðu könnuninni eða 89%. Niðurstöður voru teknar saman og kynntar á kennarafundi. Auk þess lágu þær á kennarastofu og eru aðgengilegar á sameign kennara sem og heimasíðu skólans á svæði innra mats<sup>3</sup>. Starfshópurinn tók saman nokkur atriði sem bæta þarf úr en umbótaáætlun hefur ekki verið unnin. Samantektin birtist í skýrslunni sem viðauki.

Flestir kennarar eru sammála því að vinnan veiti þeim gleði, þeir hafa gott vald á starfi sínu og þeim líður vel í starfsmannahópnum. Hlutfall þeirra starfsmanna sem svara þessum spurningum játandi hefur þó minnkað töluvert frá árinu áður. Kennurum líður vel bæði í bundnum tímum og verkefnatímum og hefur gengið vel að breyta aðferðum sínum við kennslu. Þeir eru ánægðir með gæði náms við ME og flestir þeirra eru ánægðir með að tilheyra starfsmannahópnum. Þrátt fyrir þetta kvíðir fjórðungur kennara því að mæta í vinnuna og 72% finna fyrir streitu vegna starfsins. Stór hluti kennara svarar spurningum varðandi álag og álagsþætti játandi. Hópastærðir, ný námskrá, námsmat, samskipti við skólameistara, vinnuálag, verkefnayfirferð, spannir og tímaskortur er það sem veldur flestum álagi. Kennarar eru sammála því að vinnuálag hafi aukist vegna spanna og einnig vegna verkefnatíma. Þeir hafa of mikið að gera, ná ekki að klára vinnu dagsins á skilgreindum vinnutíma og geta ekki stjórnað því hvað þeir hafa mikið að gera. 68% kennara eru hlynnt því að haldið verði áfram með spannir og verkefnatíma í tvö ár.

<sup>2</sup> Áfangamat vorið 2013. Meðaltöl úr matskönnun meðal nemenda. Á heimasíðu ME, [www.me.is](http://www.me.is).  
<http://www.me.is/images/stories/AfangamatV2013.pdf><http://www.me.is/images/stories/AfangamatV2013.pdf>

<sup>3</sup> Könnun á viðhorfum kennara. Mars 2013, með samanburði við mars 2012 þar sem við á. Sjá á heimasíðu skólans, [www.me.is](http://www.me.is). <http://www.me.is/images/kennarakonnunv2013.pdf>.

Mikil óánægja er með spennaskil, undirbúning skólans fyrir breytt námsskipulag, umsjónartíma nemenda og fremur mikil óánægja með mánudagsfundi kennara. Kennarar eru ósáttir með starfsandann og er mikil breyting þar frá 2011. Tæplega helmingur er sammála því að starfsandinn sé hvetjandi og styðjandi en var 79%, 36% segja hann afslappaðan og þægilegan á móti 83% áður, sama hlutfall segir hann einkennast af samheldni og jákvæðni sem voru 64% og nú telja 44% starfsandann einkennast af sundurlyndi og hópaskiptingu sem áður voru 26%. Einnig hefur stór hluti kennara tekið eftir óþægilegum ágreiningi og þeir telja sig ekki fá stuðning og aðstoð frá skólameistara. Streita hefur áhrif á einkalíf 67% kennaranna. Til samanburðar má nefna að í síðustu könnun var það hlutfall 50% og í könnun frá 2007 sagði tæplega fimmtungur kennara jafnvægi á milli einkalífs og vinnu slæmt eða mjög slæmt. Streita hefur því augljóslega aukist undanfarin ár.

## Foreldrakönnun

Viðhorfakönnun var lögð fyrir foreldra 4.-12. apríl 2013. Könnunin var netkönnun, tengill var sendur í tölvupósti 4. apríl á 458 netföng foreldra 248 nemenda. Ítrekun var send 11. apríl. Alls bárust 106 svör. Að því gefnu að svarað sé fyrir 106 nemendur er svarhlutfall 43% en 23% ef miðað er við útsend tölvuskeyti. Í könnuninni var m.a. spurt um ímynd skólans, samskipti við starfsmenn, upplýsingagjöf, hvernig spannir og verkefnatímar henti náminu, hvernig verkefnatímar séu nýttir, líðan, stress og heimanám. Einnig var kannað hvort foreldrar fylgist með mætingu og einkunnum í Innu og ástundun og verkefnum á kennsluvefnum ásamt því hvort þeir væru sáttir við mætingarreglur skólans og hvort miðspannarmat gagnast þeim. Foreldrum var gefinn kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar um samskipti, upplýsingagjöf, námsskipulag, námsgengi, heimanám og skólastarfið almennt. Margt gott barst þar sem nýst getur í skólastarfinu. Þorbjörn Rúnarsson tók saman niðurstöður sem birtast á heimasíðu skólans<sup>4</sup>.

Í niðurstöðum kemur m.a. fram að langflestum foreldrum finnst ME góður skóli, þeir bera traust til skólans og hafa átt mjög góð eða góð samskipti við starfsmenn. 85% svarenda telja að spannir henti námi nemandans, 84% að verkefnatímar henti náminu og 79% að nemandinn nýti verkefnatímana vel eða mjög vel. 94% þeirra sem svara hafa þá upplifun að nemandanum líði vel í skólanum. Rúmlega fimmtungur upplifir nemandann stressaðan í skólanum. 90% telja námið við hæfi nemandans, 88% að hann standi sig vel í náminu, 72% að hann hafi tök á að ljúka verkefnum tengdu náminu á skólatíma, 73% að hann fái nám á sínu áhugasviði og 90% að nemandinn öðlist nægan undirbúning í ME.

---

<sup>4</sup> Viðhorfakönnun meðal foreldra 4.-12. Apríl 2013. Á heimasíðu ME, [www.me.is](http://www.me.is).  
<http://www.me.is/images/stories/foreldrakonnun2013.pdf>

## Næstu verkefni

Samkvæmt tveggja ára aðgerðaáætlun hefur starfshópurinn um innra mat undanfarin tvö skólaár aðallega beint sjónum sínum að breyttu námsfyrirkomulagi í formi verkefnatíma og spanna ásamt innleiðingu nýrrar námskrár. Hlutverk starfshópsins í að meta áhrif slíkra breytinga hefur verið mikilvægt og tímafrekt. Nú er komin reynsla á nýtt námsfyrirkomulag og því hægt að víkka sjóndeildarhringinn aftur. Þá verður lögð aukin áhersla á skólastarfið almennt, líðan og viðhorf nemenda og kennara í víðara samhengi og skoða áhrif verkefnatíma og spanna með öðrum áhrifaþáttum í starfinu. Fylgst verður einnig með kerfislægum þáttum eins og mætingu og námsmati eftir því sem vinnst. Áætlað er að leggja stóra nemendakönnun fyrir á haustönn 2013 og viðhorfakönnun fyrir kennara á vorönn 2014. Á áætlun yfirstandandi skólaárs var að leggja könnun fyrir fjarnema en ekki gafst tími í það og því áriðandi að vinna hana á næsta skólaári. Nemendur munu meta áfanga sína á vorönn. Fyrirhugað er að endurskoða sjálfsmatsáætlun ME og vinna fimm ára aðgerðaáætlun.

Innra mat er öflugt tæki til að bæta skólastarf. Starfsfólk og nemendur taka virkan þátt í að meta skólastarfið og út frá því eru settar fram tillögur um úrbætur. Gera þarf umbótaáætlun sem stjórnendur fylgja og sjá til þess að komi til úrbætur verðir framkvæmdar. Starfshópurinn bindur vonir við að nýtt vinnulag verði til þess að umbótaferli verði virkt.

Hópurinn þakkar öllum þeim sem lögðu starfinu lið og tóku þátt í könnunum á skólaárinu.

Egilsstöðum í júní 2013

Jóney Jónsdóttir  
Jón Ingi Sigurbjörnsson  
Maríanna Jóhannsdóttir  
Soffía Ingvarsdóttir  
Tinna K. Halldórsdóttir  
Þorbjörn Rúnarsson



## **Viðauki: Atriði sem þarfnast umbóta ~ unnið út frá niðurstöðum kennarakönnunar mars 2013**

Nauðsynlegt er að bregðast við niðurstöðum könnunarinnar og gera allt til að létta álagi á kennurum, auka starfsánægju og bæta starfsandann.

Til að draga úr álagi mætti veita kennsluafslátt og fækka í námshópum. Einnig væri hægt að hafa kennslu fjarnema inn í stöðuhlutfalli í greinum sem margir kennarar kenna. 11 kennarar nefna agavandamál sem streituvald, þar er auðvelt að bregðast við með því að styðja við bakið á kennurum. Ljóst þarf að vera hver bregst við slíkum málum og gengur með kennaranum í að leysa þau. Verkefnayfirferð veldur álagi. Kennarar gætu lært hver af öðrum hvernig þeir létta álaginu þar. Margir kennarar telja þörf á námskeiði til að samræma starfið nýjum starfsháttum. Hægt væri að hafa lotunám í kennsluháttum og námsmati.

Endurskoða þarf skipulag spannskila. Einnig að gera mánudagsfundi markvissari og þannig að kennarar hafi áhrif á starf sitt og ákvarðanatöku. Vikulegan fundartíma mætti stundum taka undir samþættingu og samstarf kennara þar sem þeir eru hlyntir slíku en hafa ekki tíma.

Gera þarf einhvern ábyrgan fyrir móttöku nýrra kennara og skilgreina hlutverk/starf þess aðila.

Meirihluti kennara hefur engan til að leita til v/samskiptaörðugleika við samstarfsfólk, 60% þeirra telja sig ekki fá stuðning/hjálp skólameistara við verkefni og samskipti við skólameistara valda 75% þeirra álagi. Skólameistari þarf að efla samskiptahæfni sína og sýna kennurum að þeir eigi stuðning hans vísan.

Hægt væri að bjóða upp á námskeið í tímastjórnun, agastjórnun, námsmati, samskiptum, að leysa ágreiningsmál.

Ekki er hægt að draga fjöður yfir áhrif og mikilvægi stjórnenda varðandi starfsanda og starfsánægju starfsmanna. Mikilvægt er að þeir geri sér grein fyrir sínu hlutverki þar að lútandi og séu hvetjandi, styðjandi og leiðandi og í tengslum við starfsfólkið. Finna þarf skipulegar leiðir til að efla starfsanda og viðhalda og auka starfsánægju. Byggja þarf upp góð samskipti. Margt í niðurstöðunum tengist minnkandi starfsánægju því starfsmaður sem telur sig ekki hafa áhrif til ákvarðanatöku, getur ekki leitað til yfirmanna, er óöruggur um starf sitt, á í neikvæðum samskiptum við yfirmenn og annað þess háttar er ólíklegur til að vera ánægður í starfi. Nauðsynlegt er að vinna með starfsfólkinu og virkja það til að gera góða hluti enn betur.

Alvarlegt er að 6 kennarar kvíði því að mæta í vinnuna. Þeir þurfa að fá aðstoð.

Starfsmannasamtöl eru góð leið til að finna líðan starfsfólksins, ræða starfsumhverfið, viðhorf og væntingar, styrkleika og veikleika, markmið og starfsþróun. Þar má ræða það sem vel gengur og það sem betur má fara.